

Orkustofnun  
Kristján Geirsson  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2021  
UST202104-183/B.S.  
10.05.05

**Efni: Umsókn um nýtingarleyfi - Landeldi – grunnvatn. Umsögn**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 15. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um nýtingarleyfi en sótt er um að nýta ferskt gunnvatn, ísalt grunnvatn og salt grunnvatn alls 5.500 l/s á ársgrundvelli. Vatnstakan mun fara fram á athafnasvæði að Laxabraut í Þorlákshöfn. Sótt er um leyfi til 65 ára.


Hér er um vatnstöku að ræða á jaðri þess svæðis þar sem grunnvatn og strandsjór mætast. Umhverfisstofnun telur nokkuð ólíklegt að vatnstaka á þessum stað hafi veruleg áhrif þar sem uppsprettan er annars vegar Atlantshafið og hins vegar vatnsmiklir grunnvatnsstraumar sem þarna renna til sjávar.

Hins vegar eru áætlanir uppi um frekari starfsemi af þessu tagi við Þorlákshöfn sem hefur í för með sér enn frekari vatnstöku. Umhverfisstofnun telur því að huga þurfi að mögulegum samlegðaráhrifum á grunnvatn á þessu svæði.

Umhverfisstofnun vill benda á að ef svo ólíklega vildi til að mjög aukin vatnstaka á þessu svæði reynist ágeng þá þyrfti leyfisveitandi að geta brugðist við og þá er 65 ára leyfistími ef til vill nokkuð langur.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Ísak Már Johannesson  
Sérfræðingur